



HEIMIR

Í TGEFENDUR

NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI

V. ÁRGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA


MCMIX

HEIMIR

ÚTGEFENDUR

NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI

V. ÁRGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA

MCMIX

EFNISYFIRLIT

Að Dæmi Krists	-	-	-	164-5
Að Skilnaði (kvæði) St. G. Stephansson	-	-	-	159
Alg. Chas. Swinburne (lýsing með mynd)				
Kristinn Stefánsson	-	-	-	249-53
Ást og Vegsemid—Sbr. Smáplistlar eftir Ingersoll	-	-	-	69
A Sunnudagsmorgni (kvæði) Þorsteinnsson				145-7
Brahmo-Somaj (eftir Prof. G. S. Rau) Guðm. Árnason				54-9
Bæjargöngin (kvæði) Stephán G. Stephansson	-	-	-	207
Charles R. Darwin (Aldarminning með mynd)	-	-	-	169-80
Charles W. Eliot (Lýsing með mynd)	-	-	-	136-39
“Conformity” (Fyrirlestur frá fjórða þíngi Isl. Unit.)				97-114
Dalsminni (kvæði) Styrkárr Vésteinn	-	-	-	116
Draupnir (kvæði) St. G. Stephansson	-	-	-	193-5
Edward Everett Hale (Lýsing með mynd)	-	-	-	265-8
Eigingirni (Þýdd Smásaga) Guðr. Þorsteinsdóttir	-	-	-	139-40
Einar Jónasson, Læknir (Lýsing með mynd)	-	-	-	200-3
Einn Steinn Myndar Ekki Fjallið	-	-	-	117-18
Einstaklingurinn og Samfélagið eftir Séra E. H. Latham				225-32
“Ekki Unitar”	-	-	-	232
Eldsýnin (kvæði eftir A. E. Poe) E. J. Árnason	-	-	-	187-89
Fagrar Málgreinar—Sbr. Smáplistlar eftir Ingersoll				71-2
Fáein Orð um Heiti Jólanna, Prof. Björn M. Olson				189-92
Félagsmálín			157-9—207-8—	272-77
Forn Hluttekning, eftir A. Kampmeier	-	-	-	195-9
Framför (eftir Dr. James Martineau) Guðm. Árnason				26
Framsókn (Ræða)	-	-	-	147-57
Fundagerðir, Fjórða Kyrkjubjungs Ísl. Unitara	-	-	-	1-17
Fyrir Dag (Kvæði) Kristinn Stefánsson	-	-	-	121
Gallagripurinn (Kvæði) Þorsteinn Þorsteinson	-	-	-	133-36
Guðsbjónustugjörðin (vísa) Svb. Arnason	-	-	-	114
Hannes Hafsteinn (með mynd)	-	-	-	75-92
Heill En Ekki Hálfur. Guðm. Arnason	-	-	-	49-53
Heimskinginn, Sbr. Smáplistlar úr Búddisku	-	-	-	140-1
Hetjur og Hræsnarar, Sbr. Smáplistlar eftir Ingersoll				70
Hornið (með mynd)	-	-	-	185-7
Hverfulleiki Lífsins, Sbr. Smáplistlar úr Búddisku	-	-	-	142
Illmælgí, Sbr. Smáplistlar úr Búddisku	-	-	-	141-2
Játning Þrándar í Götu.—Flateyjarbók	-	-	-	65
Jólagleðin	-	-	-	122-4

Karlmannirnir (vísa) St. G. Stephansson	-	-	53
Kölshi Landrækur, (Ingólfur)	-	-	279
Kveðja til Íslands (þjóðhátiðar minni 1908) Gísli Jónsson	25-29		
Land eða Ský (kvæði) Kristinn Stefansson	-	-	241
Laun Guðhræðslunnar (saga eftir Sophus Schandorff)			
Víðar	209-16, 233-40, 257-64, 281-84		
Leiðréttning, Olafur S. Thorgeirson	-	-	253-5
Lispeth (saga eftir Kipling) Guðm. Árnason	-	-	60-5
"Lærisveinn Séra Friðriks"	-	-	280
Minni Kvenna (kvæði) Dr. Sig. Júl. Johannesson	-	-	47-8
Nokkrir Fornmeun (æfíagrip með myndum)	-	-	66-8
Nýi Forsetinn (vísa) St. G. Stephansson	-	-	206
"Pragmatism" (fyrirlestur frá fjórða kyrkjuþingi Ísl. Unitara) Guðm. Árnason	-	-	30-47
Rannsókn og Lífskoðanir, Guðm. Árnason	-	218-24, 242-8	
Réttlæti, Sbr. "Smáapistlar úr Buddisku"	-	-	142-3
Reynsla og Skáldskapur (vísa) St. G. Stephansson	-	-	53
Siglinga vísa, Þorsteinn Ásmundsson	-	-	144
Skálkaskjólið (vísa) St. G. Stephansson	-	-	248
Skúli Thoroddsen (lýsing með mynd)	-	-	93-6
"Smælingjar" (Ridómur)	-	-	119-20
Smámunasemi	-	-	204-6
Spekingurinn, Sbr. Smáapistlar úr Buddisku	-	-	141
Sumarkveld við Vatnið (kvæði) Kristinn Stefánsson	-	-	73-5
Synda-aflausnir, úr ræðu Jóhanns Tetzels	-	-	166-8
Sæla, Sbr. Smáapistlar úr Buddisku	-	-	143
Til St. G. Stephanssonar (kvæði) Dr. Sig. J. Johannesson	-	-	184-5
Tímamót, Gísli Jónsson	-	-	255-6
Trúfrelni, (Prédikun á fjórða þíngi Ísl. Unitara) A. E. Kristjánsson	-	-	18-26
Úgleði (vísa) Þorsteinn Þorsteinsson	-	-	180
Vegljóst, (vísa) Kristinn Stefánsson	-	-	224
"Víða er Pottur Brotinn" (vísa) Svb. Árnason	-	-	144
Vinaminni (kveðja til St. G. Stephanssonar) Þ. Þorsteinn	-	-	181-4
Vísa (Stjörnu-Odda Draumur) Dr. Grímur Thomsen	-	-	65
Vísur, Kristinn Stefánsson	-	-	217
Vortónar, (Saga eftir Max. Gorky) Guðm. Árnason	-	-	160-4
William Howard Taft (Lýsing með mynd)	-	-	129-32
Pögn, (kvæði) Styrkárr Vésteinn	-	-	115-16
Þjóðin	-	-	277-9
Örk Nóa (saga) eftir Mark Twain	-	-	124-29



HEIMIR



V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

1. blað.

Fundargjörð

Hins fjórða kyrkjupings Íslenzkra Unitara
í Vesturheimi.

Fyrsti fundur.

Föstudaginn, 12. Júní, kl. 2.15 e. h., var hið fjórða þing íslenzkra Unitara í Vesturheimi sett í „Fyrstu Ísl. Unitara-kyrkjunni í Winnipeg.

Athöfnin byrjaði með því að séra Rögnvaldur Pétursson las kafla úr 31. jog 43. sálmi Daviðs. Næst söng söngflokkur kyrkjunnar kór og síðan var sunginn sálmurinn Nr. 427 í Nýju-Sálmabókinni. Þar á eftir las séra J. P. Sólmundsson bíblíulexiú og Guðm. Árnason flutti bæn. Síðan var sunginn Sálmurinn Nr. 619.

Varaforseti, S. B. Brynjólfsson, sagði þá þing sett og flutti stutt ávarp. Gaf hann stutt yfirlit yfir starf félagsins á síðastliðnum þrem árum, og sagði, að þó við hefðum lítið grætt, beinlínis sem félagsskapur, þá hefðum við grætt óbeinlínis nokkuð mikil. Skýrdi hann frá, að séra Rögnvaldur Pétursson hefði starfað um tíma í Foam Lake nýlendunni, og líka ásamt með Guðm. Árnasyni, í Álfavatns og Grunnavatns-

byggðum. Í síðarnefndum byggðum hefðu félög verið mynduð, og mættu hér fulltrúar þaðan. Einnig hefði séra Rögnv. Pétursson starfað nokkuð í Pine Valley. Þar næst mintist hann á Menningarfélagið hér í Winnipeg og starf þess, og ráðlagði myndun slíkra félaga þar sem það vær mögulegt.

Hvað víðviki óbeinum gróða, þá sýndu ritverk helztu manna á Íslandi, eftir blöðum þaðan að dæma, að íslenzkur lúterskur rétttrúnaður sé þar ekki til, og að hann sé ekki að finna nema inn í miðju meginlandi Ameríku og þar á fallandi fæti.

Viðvíkjandi okkar eigin félagsskap fannst Hr. Brynjólfsson að alt væri ekki í eins góðu lagi og það ætti að vera. En erfiðleikana sagði hann marga. Það væri heimtað mikil af prestum vorum, að ræður þeirra væru allt í einu: skynsamlegar, skáldlegar og hrísfandi. Prestar vorir, sagði hann, eru nálist vel á móti prestum andstæðinga vorra í öllu nán a einu: Vér værum uppreistarflokkur og þyrftum að vinna undir oss land, og til þess þyrfti röskleika, dirfsku, áráði og einbeittni. Laun leiðtoga vorra væru greidd utan að frá, og neyðin hefði því ekki kent þeim að spinna. Hann kvaðst ekki koma með þetta sem ádeilu, heldur sem hugarvakning. Minntist þá forseti Einars Ólafssonar, sem við hefðum á bak að sjá, og hversu vér söknudum hans frá því að starfa að málum vorum. Forseti sagði því næst þing sett, og bað menn að taka til starfa.

Séra J. P. Sólmundsson lagði til, stutt af Jóh. Sigurðssyni, að forseta sé falið á hendur, að útnefna þriggja manna Kjörbréfanefnd og þriggja manna Dagskrárnefnd. Samþykkt.

Forseti útnefndi þá þessa:

Kjörbréfanefnd:

Hr. Jóhannes Sigurðsson	Gimli,
Hr. J. B. Skaptason	Winnipeg,
Hr. Pétur Bjarnason	Shoal Lake.

Dagskrárnefnd:

Séra J. P. Sólmundsson	Gimli,
Hr. Guðm. Árnason	Winnipeg,
Hr. Gísli Jónsson	Winnipeg.

Samþykkt var að hafa 15. mínuðna fundarhlé, til þess að gefa nefndunum tækifæri til að starfa.

Að loknu fundarhléinu var nefndarálit frá kjörbréfanefnd lagt fram og var það svohljóðandi:

„Fulltrúar frá Winnipeg söfnuði:

J. B. Skaftason	Gísli Jónsson
A. J. Johnson	Hallur Magnússon
G. J. Goodmundson	Eggert J. Árnason
Miss H. Kristjánsson	Miss Gertie Byron
Miss Ella Hall	

Fulltrúar frá Gimli söfnuði:

Júlíus Sólmundsson	Stefán Eldjárnsson
Einar S. Jónasson	Jóhannes Sigurðss.

Frá Árnes söfnuði:

Thорv. Thorvaldson	Jón J. Melsteð
Frá Breiðuvíkur söfnuði:	

J. B. Snæfeld.

Einstaklingar:

Pétur Bjarnason	Otto
Einar Johnsson	Otto
Bjarni Jónasson	Geysir

Nefndin enn fremur leggur til að B. B. Olson frá Gimli, sé veitt málfrælsi á þessu þingi, samkvæmt beiðni, undírskrifaraðri af 16 Unitörum úr Gimli nágrenni.”

Undirritað: /	J. Sigurðsson
	P. Bjarnason
	J. B. Skaptason

A. J. Johnsson stakk upp á, Fr. Swanson studdi, að nefndarálitið sé samþykkt. Séra J. P. Sólmundsson bað um skýringu á síðasta liðnum í nefndarálitinu. Jóh. Sigurðsson skýrði frá að bænaskrá frá 16 manns, um að fá að hafa Mr. Olson sem erindreka á þinginu, hefði komið fram fyrir nefndina.

J. P. Sólmundsson mælti á móti þessum parti nefndarálitsins, og áleit það vera að setja slæmt „precedent.”

J. P. Skaptason sagði að hann þekkti marga af þessum

H E I M I R

16 mönnum sem hefðu sent bænarskrána, og vissi að þeir væru Unitarar, en ekki hvort þeir stæðu í söfnuði eða ekki, en hann hóldi að þeir ættu að fá að hafa erindreka hér.

Fr. Swanson mælti með að Mr. Olson væri gefið málfrælsi.

J. P. Sólmundsson sagði að ef að málfrælsi væri veitt, samkvæmt þessari beiðni, þá tæki þingið upp á sig ábyrgðina.

Guðm. Árnason mælti með nefndarálitinu.

P. Bjarnason sagdist neita að taka þingréttiðum ef aðeins menn kosnir hingað af söfnudum, ætti að hafa þingið til.

Eftir talsvert meiri umræður var nefndarálitið sanþykkt.

Séra Rögnv. Pétursson stakk upp á, stutt af Jóhannesi Sigurðssyni, að Mrs. Christie, frá Gimli og Miss Jónasson, frá Gimli, sé veitt málfrælsi. Samþykkt í einu hljóði.

Dagskrárnefndarálitið var þá lagt fram, sem fylgir:

Dagskrá:

I. Skýrslur frá standandi nefndum.

II. Skipa nefndir í:

- (1) Uppfræðslumál.
- (2) Útbreiðslumál.
- (3) Útgáfumál.

III. Ný mál.

Uppfræðslumálanefndin skuli gefa álit sitt að morgni kl. 9, og hinar, þegar þeim er um skýrslur þeirra, þar á eftir

Nefndin ræður til þess, að trúmalafundur verði haldinn á Sunnudaginn, eftir messu, og umræðuefni sé: Hver ætti að vera afstaða Unitara gagnvart „Nýju Orþodoxunni“?

Nefndin biður, að mega gefa áframhald af dagskrá síðar.

J. P. Sólmundsson

Undirritað:		Gísli Jónsson Guðm. Árnason
-------------	--	--------------------------------

Nefndarálitið var samþykkt.

A. E. Kristjánsson, formaður Sunnudagaskóla nefndarinnar, gaf þá skýrslu að nefndin hefði aldrei mætt.

Féhirðir, F. Swansson, gaf skýrslu sem sýndi \$ 34.75 í sjóði. Skýrsla féhirðis var þá samþykkt.

Pá voru nefndir kosnar, og hlutu þessir kosningu:

I. Uppfræðslumálanefnd:

A. E. Kristjánsson	Pétur Bjarnason
Þorb. Thorvaldson	Fr. Swanson
	A. J. Johnson

II. Útbreiðslumálanefnd:

J. B. Skaptason	E. S. Jónasson
G. J. Goodmundsson	Guðni. Árnason
	J. J. Sólmundsson

III. Útgáfumálanefnd:

Rögnv. Pétursson	Gísli Jónsson
S. B. Brynjólfsson	G. J. Goodmundson
	Eggert J. Ármason

Pá var sundi frestað til kl. 9 að morgni.

Fyrirlestur:

Að kveldinu, kl. 8, flutti séra Rögnv. Pétursson fyrirlestur. Efni: „Conformity.“ Fyrirlesturinn var heldur vel sóttur, og var fyrirlesaranum greitt þakklætis atkvæði, í einu hljóði. Stuttar umræður urðu á eftir.

*Th. Thorvaldsson.
[Ritari]*

Annar fundur.

Fundur var settur Laugardaginn 13. Júní kl. 9.15 f. h.

Sigurjón Jónsson las 139. sálm Davíðs og síðan var sunginn sálmurinn Nr. 304.

Fundargjörningur frá síðasta fundi var lesin upp og samþykktur með breytingu.

Uppástunga frá Séra J. P. Sólmundssyni, studd af Séra Rögnv. Péturssyni, að skrifari og forseti sendi Séra M. J. Skaptason eftirfylgjandi ávarp frá þinginu:

„Hild Fjórða kyrkjufélag Unitara Kyrkjufél. í Westurheimi, sendir hér með, fyrir hönd íslenzkra trúfrelsisvina hér í álfu, Séra M. J. Skaptason bróðurlega kveðju, með þakklæti fyrir unnið starf í þeirra þágu, og óskar honum allrar farseldar í framtíðinni.“

Samþykkt í einu hljóði.

A. E. Kristjánsson lagði fram, og Fr. Swanson studdi, eftirfylgjandi yfirlýsing:

Hjð 4. Unitariska Kyrkjupjing Vestur-Íslendinga, minnist með söknudi fráfalls Einars Ólafssonar, og finnur til þess hversu stórt skárd er orðið fyrir skildi, í þessum félagsskap, við þann missi.“

Samþykkt í einu hljóði.

Kjörbréfanefndin lagði þá fram skýrslu, var hún lesin upp í tveimur pörtum, og var fyrri parturinn sem fylgir:

„Kjörbréfanefndin hefir á ný, fengið tilkynning um að þessir menn séu komnar á þingið, sem fulltrúar frá Mary Hill söfnuði:

Jóhann Þorsteinsson og Paul Reykdal

Ennfremur hefir nefndin fengið tilkynning um að Mr. M. Brynjólfsson, frá Cavalier N. D., verði á þinginu í dag, og mælir nefndin með að öllum þessum mönnum sé veitt full þingréttindi.

Auk þess álitur nefndin að þessir embættismenn kyrkjufélagsins eigi sæti á kyrkjupjingu: Forseti, Vara-forseti, Útbreiðslustjóri, Skrifari, Féhirdir, Meðnefndarmenn. Einnig prestar og trúboðar kyrkjufélagsins.“

Þessi partur álitsins var samþykktur. Síðari partur álitsins var sem fylgir:

„Ennfremur mælir nefndin með því, að öllum þeim sem var veitt mál-frelsi á síðasta þingfund, að viðbættum Hr. Jóhanni Ólafssyni, frá Gimli, og Hr. Sigurði Péturssyni, frá Árnesi, sé veitt full þingréttindi.“

J. Sigurðsson

P. Bjarnason

A. E. Kristjánsson

Undirritað: {

Síðari hluti nefndarálitsins var feldur, eftir nokkrar umr.

Uppástunga var gerð að veita B. L. Baldwinson málfrælsi á fundinum. Hr. Baldwinson gaf þá skýringu að hann væri hér aðeins kominn sem fregnritari.

Þá var álit uppfræðslumála nefndarinnar lagt fram.

Urðu talsverðar umræður um þann lið álitsins, sem viðvíkur meðmæling vissra íslenzkra bóka við sunnudagaskóla.

Hélt séra Rögnv. Pétursson að lestrarbókin væri nokkuð þung fyrir byrjendur; fornsögurnar ekki sunnudagsskólabókmentir og skólaljóðin ekki vel valin.

A. E. Kristjánsson var með að fella úr bendinguna um ísl. bækurnar.

A. J. Johnson hélt því fram, að þessar bækur væru beztu bækurnar, sem völ væri á, þó máske mætti gefa út betri bækur, ef möguleglikar væri fyrir hendi.

B. B. Olson talaði um sunnudagaskóla starfið og var með nefndarálitinu, og áleit að milliþinganefnd ætti að vinna að sunnudagaskólamálinu.

Séra J. P. Sólmundsson fannst, að gleymt hefði verið að ráðleggja sálmabókina, Nýja testamentið og bíblíusögur við kenslu á sunnudagaskóla. Bentí einnig á kver af sálmum og ljóðum gefið út af séra Jóni Bjarnasyni sem vel brúklegt.

Ýmsir fleiri töluðu um þetta mál, þar á meðal Pétur Bjarnason, Guðm. Árnason, Thorb. Thorvaldsson, Fred. Swanson, Hallur Magnússon og fleiri.

Rögnv. Pétursson stakk upp á, stutt af G. J. Goodman, að nefndarálitið væri sent til baka til nefndarinna, sem ætti að gefa fullnaðarskýrslu áður en þingi er slitið í kveld. Samþ.

Nefndarálit frá útgáfumálanefndinni var þá lesið upp.

Þá var ákveðið að fresta fuudi til kl. 1 e. h.

*S. B. Brynjólfsson,
forseti.*

*Thorbergur Thorvaldson,
skrifari*

Priðji fundur.

Laugard. 14. júní. — Fundur var settur kl. 1.30 e. h.

Séra Rögnv. Pétursson las part af 8. kap. í Páls bréfi til Rómverja. Síðan var sunginn sálmurinn nr. 307.

Fundargjörningur frá síðasta fundi var lesinn upp og samþ.

Þá var skýrsla útgáfunefndarinna tekin fyrir aftur.

Nefndarálitið er sem fylgir:

SKÝRSLA ÚTGÁFUMÁLANEFNDARINNAR:

Við sem kosnir vorum í útgáfumálanefnd „Hins íslenzka kyrkjufélags Únitara í Vesturheimi“, höfum gjört eftirfarandi ályktanir viðvíkjandi starfi því er nefndinni var falið á hendur að yfirvega:

1. Nefndin álitur nauðsynlegt að félagið reyni að gefa út nokkrar bækur til viðhalds Sunnudagaskólum, og uppfraðslu Unitariskra unglingsu út um hafi og byggðir Íslendinga hér í álfu. Bessar bækur álitur hún nauðsynlegar.

- (a) Handbók Sunnudagaskóla.
- (b) Lærðómskver til undirbúnings undir fermingu barna.
- (c) Ágrip af trúarbragðasögu með sérstöku tilliti til trúarbragðasögu Íslendinga. (er komi í stað Bibliusagna)

Nefndin álitur að bækur þessar muni verða að medaltali 100 bls. hver, í smáu átta blaða broti, og eintaka fjöldi skuli vera að medaltali 1,000 af hverri bók. Kostnaður við prentun og band á bókum þessm, áleit nefndin að myndi verða til jafnaðar \$ 1.00 á bladsíðu hverja, eða \$ 300.00 samtals.

Sökum fjárskorts virðist nefndinni tilhlýðilegt að leggja til, að félagið gefi út einungis eina þessara bóka að sinni, þú sem allra nauðsynlegust væri, eða „Lærðómskver til undirbúnings undir fermingu barna“. Kostnaður yrði hlutfallslega hinn sami, einn dollar á síðuna.

2. Nefndin álitur, að kyrkjufélagið atti að eiga að minsta kosti eitt mál-gagn sér til stuðnings, og með því að ekkert rit styrkir meir mállefni félagsins, nái sem stendur, heldur en tímáritið „Heimir“, leggur hún til, að félagið skoði það rit sem sitt málagn, og að félagsmenn út um fjarliggjandi hér-ud gjöri alt, sem í þeirra valdi stendur, til að auka útbreiðslu þess og annast um innheimtu fyrir það, senda því ritgjörðir aðlútandi málfnum félagsins o.s. frv. En sökum þess, að ekkert félag er fyrir hendi, sér nefndin kyrkjufélag-inu ekki fært, að halda út riti á sinn kostnað.

3. Nefndin leggur til að fulltrúum safnaðanna sé falid á hendur, að gang-ast fyrir fjársöfnun til að mæta kostnaði þeim, sem áður áminnst bókaútgáfa hefði í för með sér, hverjum í sinu bygðarlagi, á hvern þann hátt, sem hann álitur heppilegastan, og einnig að þeir, hver og einn, tilkynni félirdi félagsins fyrir lok þessa þings, hversu mikilli fjárupphæð hann treystir sér til að safna.

Eggert J. Árnason, G. J. Goodmundsson, S. B. Brynjólfsson,
Rögnv. Pétursson, Gisli Jónsson.

Jóh. Sigurðsson stakk upp á, séra R. Pétursson studdi, að álitid sé tekið fyrir og rætt lið fyrir lið. Samþykkt.

Rögnv. Pétursson gerði uppástungu, studda af Gísla Jóns-syni, að fyrsti liður nefndarálitsins sé samþykktur.

Fr. Swanson gerði breytingaruppástungu, studda af A. J. Johnson, að það sé samþykkt með þeirri breytingu, að strykuð séu út orðin „til undirbúnings undir fermingu“.

Eftir nokkrar umræður var breytingartillagan felld, og að-aluppástungan samþykkt.

Pá var annar liður tekinn fyrir og ræddur. B. B. Olson mælti með þessum parti nefndarálitsins. A. E. Kristjánsson gat ekki séð, að kyrkjufélagið gæti kallað Heimir sitt málagn, meðan það væri undir umsjón og eign privatmanna. Ef félag-

íð ætti að hafa ábyrgð á útgáfunni þá yrði það að hafa umsjón með ritstjórn þess. Rögnv. Pétursson skýrði frá að hugmyndin væri, að gefa blaðið í hendur kyrkjufélagsins að því er við-viki málum þeim er það flytti, og gæti því séð um ritstjórn þess.

Forseti skýrði frá sínu álti á þessu máli; að „Heimir“ hefði orðið til aðeins fyrir Unitarisku hreyfinguna, og þess vegna áleit hann rétt að þingið gerði það sem í þess valdi stæði til að hjálpa blaðinu áfram. J. P. Sólmundsson fanst spursmálið um, hvort ætti að taka krossinn, sem því fylgdi að gefa út blað, af þeim mönnum sem hefðu verið að bera hann og varpa honum yfir á félagið.

Björn B. Olsson útskýrði að hugmyndin væri, að reyna að gera „Heimir“ að því málagni, sem allir Unítarar gætu tal-að í gegn um. Sagði að sér þætti slæmt að séra J. P. Sólmundsson hefði ekki getað komið út meiru af „Dagsbrún“, en eins og nú stæði þyrftum vér málagni fyrir alla Unitara.

Séra Rögnv. Pétursson gjörði tillögu, studda af Eggert Árnasyni, að annar liður álitsins væri samþykktur.

Eftir töluverðar umræður, viðvíkjandi „Heimir“ og „Baldri“ o. s. frv., kom fram breytingar tillaga frá Guðm. Árnasyni, studd af Fr. Swanson, að 5 manna nefnd sé kosin til að með-höndla blaðamálið, er taki til starfa tafærлаust, og að úrskurði nefndarinnar sé hlýtt til næsta þings.

Breytingar tillagan var feld með 13 atkvæðum gegn 9, en aðal tillagan var samþykkt, með 14 atkvæðum gegn 5.

Þá var þriðji liður tekinn til yfirvegunar. B. B. Olson lýsti því yfir að fóhirðir mætti búast við \$ 16.00 frá sér, fyrir hönd þeirra 16 manna er höfðu sent sig hingað, og vonaði að aðrir gerðu hlutfallslega hið sama í þessu máli.

Páll Reykdal gjörði tillögu, Rögnv. Pétursson studdi, að þessi liður sé samþykktur. Samþykkt.

Þá gerði Eggert Árnason uppástungu, studda af Rögnv. Péturssyni, að nefndarálit uppfræðslumálanefndarinnar sé aftur boríð fram. Samþykkt.

Nefndarálitið var sem fylgir:

ÁLIT UPPFRÆÐSLUMÁLANEFNDARINNAR:

,Vér, sem kosnir vorum í nefnd til að athuga uppfræðslu eða Sunnudagaskólamál, höfum komist einróma að þeiri niðurstöðu, að eitt af þeim málum sem félagskapur vor þarf að leggja mjög mikla áherzlu á, sé að hafa góða og fullkomna Sunnudagaskóla, í öllum söfnudum og fól. deildum vorum.

Eins og allir hljóta að sjá og skilja, er það ein af stærstu vonum um framfarir og efing á skóðunum vorum, að unglingsarnir aðhyllist þar, og Sunnudagaskólar ættu að vera sérstaklega til þess kjörnir, að kenna uppvaxandi kynslóðum þetta.

En til þess að Sunnudagaskólar geti náð tilgangi sínum, þurfa þeir að hafa góðar og viðeigandi bækur, til þess að kenna eftir. En einmitt á þessum bókum er mikil vöntun í félagskap vorum, einkum að því er snertir kennslu í trú og síðraði vorri. Eins og kunnugt er, eignum vér ekki neina bók, er haegt sé að nota við kennslu í trúaratriðum og síðraði, og því er það tillaga vor, að þingið kjósi 3 menn í nefnd, er sjá um að sem allra fyrst sé samin eða þydd bók, er taki fram og kenni helztu atrjði í trú og síðraði. Vér ætlum þinginu að finna heppilega leið til að standast kostnað af útgáfu bókarinnar.

Vér teljum sjálfsagt, að bókin sé gefin út á Íslenzku, og verði svo úrgardi gjörð, að hún geti orðið framtíðar kennslubók í áðurnefndum fræðigreinum, ekki að eins hér í landi heldur einnig á Íslandi, þegar að því kemur að skoðanir vorar útbreiðist þar, sem vér vonum að verði ádur en langir tímar líða.

Að kenna á Sunnudagaskólum vorum eftir húterskum barnalærðómum bókum teljum vér með öllu ófart.

Vér leggjum því áherzlu á, að samin sé bók, er sérstaklega sé aðluð til Sunnudagaskóla uppfræðslu í trúar og síðraðis-atríðum, en vér álítum við eigini og sjálfsagt, að i sambandi við safnaðarmál vor, séu unglingsar freiddir um helztu atrjði í sögn þjóðar vorrar og bókmentum, eftir því sem haegt er.

Heppilegasta bók, til að kenna börnum að lesa eftir, álítum vér nýju lesbókina eftir Jón Dórh. Bjarnason, Guðm. Finnborgason og Jóh. Sigfússon. En fræðslubækur álítum vér beztar: Íslandssöguágríp Boga Melsteds, Fornsöguþættina, útgefna af Dórh. Bjarnasyni og P. Pálssyni. Einnig Skólastjórin, söfnud af Dórh. Bjarnasyni, til að kenna börnum að kynnast íslenzkum skáldskap í bundnu máli.

Dó að vér höfum nefnt þessar bækur, er það síður en svo að vér viljum ráðleggja þinginu að lögþjóða þær nokkrum Sunnudagaskóla, því það er skodun vor, að Sunnudagaskólanir eigi að velja sjálfir bækur handa sér. En vér höfum bent að þessar bækur, til að vekja eftirtekt á þeim, því að vorri skodun eru þar heppilegar les- og fræði-bækur, fyrir unglingu, að minnsta kosti þar til völ er á örðrum betri.

En vér vildum leggja áherzlu á, að trú- og síðraðis-bók er sé í anda og við hafi Únítara, sé samin, því hún er einn stór hlekkur til að afslá málum og skodunum vorum fylgi.

Undirritað: |
A. J. Johnson
P. Bjarnason

F. Swanson
A. E. Kristjánsson
Th. Thorvaldson

13. Júní 1908

Uppástunga frá J. P. Sólmundssyni, studd af Jóhannesi Sigurðssyni, að nefndarálitið sé samþykkt. Samþykkt.

Uppástunga frá Rögnv. Péturssyni og E. Árnasyni, að forseti kjósi nefndina til að undirbúa hið fyrirhugaða uppfr. kver.

Samþykkt. Forseti útnefndi þessa:

Séra R. Pétursson, Séra J. P. Sólmundsson og Th. Thorvaldss.

Pá var Útbreiðslumálanefndarálitið tekið fyrir, og samþ. með breytingum á fyrsta lið, sem fylgir:

ÚTBREIÐSLUMÁLANEFNDARÁLITIÐ

„Útbreiðslumálanefndin leyfir sér að leggja fram eftirfaradi tillögur til ihugunar.

I. Að kosnir verði á þessu þingi tveir menn, sem með útbreiðslustjóra sem forseta myndi útbreiðslumefnd, til að annast um útbreiðslu Unitariskra frúarskoðana, svo sem fóng eru á, og nefndin sér bezt henta til næsta þings. Nefndin skal og framkvæma alt það er að útbreiðslu starfi lýtur, fyrir hönd hins íslenzka únitariska kyrkjufélags.

II. Að áðurnefnd nefnd hafi eftirlit með útbreiðslustarfí því, sem unnið verður á þessu sumri, í sambandi við hina starfandi presta, Rögnvald Pétursson og Jóhann P. Sólmundsson, ásamt forseta.

III. Að þeir sem kynnu að vilja taka upp guðfræðisnám til undirbúnings únitariskri prestsstöðu á meðal Íslendinga, séu styrktir til þess af framkvæmdarstjórn kyrkjufélagsins, á viðeigandi hátt, ef þeir álitast þess verðugir, ásamt þeim sem nú stunda nán.

IV. Nefndin álitur að starf Menningarfélagsins hér í Winnipeg hafi verið til mikils ávinnings fyrir útbreiðslu skoðana vorra, og leggur til að samskonar félög séu stofnuð í sambandi við aðra söfnuði, þar sem því verður viðkomid.

Undirritað:	J. B. Skaptason	E. S. Jónasson
	J. J. Sólmundss.	G. Árnason
	G. J. Goodmundsson	

Uppástunga frá Fr. Svanson og P. Bjarnason, að sa liður af dagskrá sem viðkemur málefnið skuli vera: „Hver ætti að vera afstaða Unitara gagnvart nýjum hreyfingum innan íslenzku orþodoxu kyrkjunnar?“

Pá var samþykkt að málefnið skuli vera: „Hver ætti að vera afstaða Unitara gagnvart nýjum hreyfingum innan íslenzku orþodoxu kyrkjunnar?“

Uppástunga frá Th. Thorvaldsson, studd af Fr. Svanson, að Séra J. P. Sólmundsson sé fenginn til að innleiða þetta mál.

Samþykkt í einu hljóði.

Pá voru ný mál tekin fyrir.

Hr. Fr. Swanson vakti máls á sálmabókarmálínu, og vildi að eitthvað yrði farið að starfa í því máli.

A. J. Johnson lagði til að séra Matthíasi Jochumssyni væri skrifsað og hann fenginn til að hjálpa okkur, einkanlega til að þýða sálma fyrir okkur.

J. P. Sólmundsson benti á, að Sig. Júl. Jóhannesson, hér vestanhafs, væri vel til þess fallinn að yrkja og þýða sálma fyrir slíka bók.

B. B. Olson sagði að við mættum ekki gleyma Séra Vald. Briem, sem yrkti mjög frjálslynda sálma. Einnig benti hann á, að séra J. P. Sólmundsson væri fær um að hjálpa til í þeim efnum.

Að lokum var sex manna nefnd kosin, til að hafa á hendi, að fá skáld austan hafs og vestan, til að yrkja sálma og til að safna sálmmum til væntanlegrar útgáfu Únítariskrar sálmabókar.

Þessir voru kosnir í nendina:

Jóh. Sigurðsson	A. J. Johnson
-----------------	---------------

A. E. Kristjánsson	Rögnv. Pétursson
--------------------	------------------

J. P. Sólmundsson	Gísli Jónsson
-------------------	---------------

Uppástunga frá Rögnv. Péturssyni og Fr. Swanson, að grundvallarlög felagsins séu tekin til yfirvegunar.

Eftir nokkrar umræður, var eftirfylgjandi þriggja manna nefnd kosin, til að fara yfir grundvallarlögin, og athuga breytingar, sem hægt væri að gjöra á þeim, á næsta þingi.

Rögnv. Pétursson, Fr. Swanson og Jóh. Sigurðsson.

Séra Rögnv. Pétursson vakti máls á sambandi voru við A. U. A. Vildi hann að þessi „Conference“ væri viðurkendur, líkt og „Conferences“ hinna ýmsu rískja fyrir sunnan línuna.

Eftir tölувert langar umræður, sem þeir prestarnir, Rögnv. Pétursson og Jóh. P. Sólmundsson, auk þeirra Guðm. Árnasonar og B. B. Olsonar, tóku að mestu leyti þátt í, kom eftirfylgjandi uppástunga frá Séra Rögnvaldi Péturssyni, studd af G. J. Goodmundss., að Jóh. Sigurðsson, Guðm Árnason og Th. Thorvaldsson séu skipaðir sem nefnd, er grenslist eftir og leggi fram frumvarp til samþykktar fyrir næsta þing, um afstöðu

þ kyrkjufélagsins við A. U. A., er leiti viðurkenningar A. U. A. á kyrkjufélagi þessu, sem sérstakrar deildar innan alsherjafélagsins.

Séra J. P. Sólmundsson bar fram breytingar tillögu, studda af S. Eldjárñssyni, að Jóh. Sigurðsson, Guðm. Árnason og Th. Thorvaldsson séu skipaðir sem nefnd, er grenzlist eftir og leggi fram tillögu til samþykkta á næsta þingi, um afstöðu kyrkjufél. við A. U. A.

Breytingaruppástungan var samþykkt.

Þá var eftirfylgjandi bréf lesið upp:

„ 118 Emily St., Winnipeg,

13. Júní 1908.

Mr. S. B. Brynjólfsson og séra Rögnv. Pétursson

Winnipeg.

Með línum þessum þakka eg karlega fyrir það, að þið með bréfi frá 18. f. m. buðuð konu minni og mér í umboði stjórnarfndar hins ísl. Únítara félags, til ársfings þess 12.—14. m. m. Hins vegar bið eg ykkr gjöra svo vel að tjá nefndinni, að þótt mig hefði langað til að þiggja hið góða boð hennar, myndi eg sökum annríkis sérstaklega út af undirbúningi til ársfings míns eigin kyrkjufélags, ekki eiga þess neinn kost eins og á stendr.

Vinsamlega og vísindargfyllst

Ykkar einl.

Jón Bjarnason, “

Margir létu í ljósi ánægju sína yfir þessari fyrstu bróðurlegu kveðju frá forseta Lúterska kyrkjubýingsins til Unitarisks þings, og var eftirfylgjandi yfirlýsing, samkvæmt tillögu frá séra J. P. Sólmundssyni, studdri af S. Eldjárñssyni, samþykkt í einu hljóði:

„Þingið lýsir ánægju sinni yfir því að varaforseti vor sendi forseta „Hins evangel. Lút. kyrkjufél. Ísl. í Vesturheimi.“ tilboð um að heimsækja oss á þingi voru, og kannast fúslega við afsökun forseta þess félags, fyrir því að geta ekki þegið boð vort að þessu sinni.“

Var þá rætt um að kjósa útnefningarnefnd, en samþykkt var þó að kosning embættismanna skyldi fara fram á opnum fundi, og meiri hluti atkvæða skyldi ráða kosningu.

Pá var fundi slitið þar til kl. 10 að morgni, er kosning embættismanna skyldi fara fram.

Að kveldinu, kl. 8, flutti hr. Guðm. Árnason fyrirlestur í kyrkjunni; umtalsefni var „Pragmatism“. Fyrirlestuinn var allvel sóttur, og urðu talsvert langar umræður á eftir. Fyrirlesaranum var í einu hljóði greitt þakklætisatkvæði.

S. B. Brynjólfsson.
forseti

Thorbergur Thorvaldson.
skrifari

Fjórði fundur.

Sunnudaginnn kl. 10 45 mín. f. h.

Séra J. P. Sólmundsson las bíblulexiú, var þá sunginna sálm. nr. 368, og síðan flutt bæn.

Fundargj. síðasta fundar var lesin upp og samþykkt.

Þá fór fram kosning embættismanna.

Hr. Joh. Sigurðsson og hr. G. J. Goodmundsson útnefndu þessa.

Fyrir	Forseta	S. B. Brynjólfsson.
—	Vara-Forseta	J. B. Skaptason.
—	Skrifara	Th. Thorvaldson.
—	Vara-Skrifara	A. J. Johnson.
—	Útbreiðslustjóra	Pétur Bjarnason.
—	Féhirði	Hannes Pétursson.
—	Meðráðendur	Fr. Swanson
		E. S. Jónasson
		Pál Reykdal.

Einnig voru þeir, Séra Rögnv. Pétursson og Séra J. P. Sólmundsson, útnefndir fyrir forseta, en þeir báðust afsökunar.

Uppástunga frá Rögnv. Péturssyni, studd af Gertie Byron, að kosið sé sérstaklega í hvort embætti. Samþykkt.

Uppást. frá Rögnv. Péturssyni, studd af J. P. Sólmundsson, að fyrir forseta sé Hr. Skapti B. Brynjólfsson kosinn í einu hljóði. Samþykkt.

Auk J. B. Skaptasonar var þá Jóhannes Sigurðsson útnefndur fyrir varaforseta, en baðst afsökunar. Hr. J. B. Skaptason

var þá kosinn í einu hljóði. Fyrir útbreiðslustjóra var þá Hr. Pétur Bjarnason kosinn í einu hljóði.

Fyrir skrifara var Thorbergur Thorvaldsson kosinn í einu hlj.

Uppást. frá J. P. Sólmundssyni, studd af P. Bjarnasyni, að skrifara sé greitt þakklætisatkvædi fyrir það, hvernig hann hefir leyst af hendi verk sitt á þessu þingi, var samþykkt.

Fyrir vara-skrifara voru þessir útnefndir: A. J. Johnson, E. S. Jónasson, Gísli Jónsson og A. E. Kristjánsson.

A. J. Johnson og E. S. Jónasson báðust afsökunar. A. E. Kristjánsson var ekki á fundi.

Gísli Jónsson var þá kosinn vara-skrifari.

Fyrir féhirðir var Hannes Pétursson kosinn einu hljóði.

Fyrir meðráðendur komu fram þessar útnefningar, auk Fr. Swansonar, E. S. Jónassonar og Páls Reykdal, sem áður voru útnefndir, Hallur Magnússon og J. J. Sólmundsson.

Tillaga kom fram, að kosinn sé einn maður í einu; breyt. till. frá R. Péturssyni, studd af Miss H. Kristjánsson, að meðráðendur séu allir kosnir í einu. Breyt. till. var samþykkt.

Þessir voru þá kosnir fyrir meðráðendur:

E. S. Jónasson, Páll Reykdal og Fr. Swanson.

Í útbreiðslunetnd, með útbreiðslustjóra, voru þeir Jóh. Sigurðsson og Eggert Árnason, kosnir í einu hljóði.

Uppást. frá Rögnv. Péturssyni, studd af Gísla Jónssyni, að þessir tveir menn séu sjálfskjörnir á næsta þing, sem embættismenn félagsins, var samþykkt.

Hr. J. J. Sólmundsson bauð, í nafni Gimli-safnaðar, kyrkjubingi og kyrkjubingsnönnum að koma til Gimli, til að halda þar næsta (fimta) kyrkjubing.

Annað tilboð kom frá Páli Reykdal, um að halda hið fimta kyrkjubing í Álptavatns-byggð.

Rögnv. Pétursson áleit, að þar eð tvö þing hefðu nú þegar verið haldin á Gimli, og tvö í Winnipeg, þá ættum við að taka boði Álptavatns-byggðar-manna.

J. P Sólmundsson lýsti ánægju sinni yfir því, ef næsta þing gæti haldist að Gimli, en áleit þetta mál tilheyra útbreiðslu-

málum að nokkru leyti, og væri máske réttara að halda það fíðirri byggð, þar sem það hefði ekki verið haldið áður.

P. Bjarnason hélt að það yrði félagsskapnum til góðs, að halda næsta þing í Álptavatns-byggð.

Voru þá greidd atkvæði, og um leið og Gimli söfnuðinum var þakkað fyrir boðið, var samþykkt að halda næsta þing í Álptavatns-byggð.

Uppást. frá R. Pétursson, studd af J. P. Sólmundsson, að við höldum næsta þing í Júní 1909, á þeim degi sem stjórnarnefndin ákveður, var samþykkt.

Þá var samþykkt að fresta fundi þar til eftir messu. Einnig var samþykkt að slíta þingi eftir trúmálaufund.

S. B. Brynjólfsson,

Vorseti

Th. Thorvaldson

Skrifari

Fimti fundur:

Sunnudaginn eftir hádegi [14. Júní.]

Guðsþjónustugjörð fór fram 14. Júní kl. 2 e. h. Þeir, Sigurjón Jónsson og A. E. Kristjánsson, guðfræðisnemendur, tóku þátt í henni og flutti sá síðarnefndi ræðuna. Á annað hundrað manns voru viðstaddir.

* * *

Trúmálaufundur var haldinn eftir messu kl. 3.30 og innleiddi Séra J. P. Sólmundsson umræðurnar.

Umtalsefni fundarins var:— „Hver ætti að vera afstaða Únítara gagnvart nýjum hreyfingum innan ísl. orþod. kyrkj.“

Fjörugar umræður urðu til kl. 5, þá setti fors. þingfund.

Fundargj. frá síðasta fundi var lesinn upp og samþykkt.

Pétur Bjarnason þakkaði, fyrir hönd gestanna, Winnipeg söfnuði fyrir viðtökurnar og gestrisni, og óskaði söfnuðinum framtíðar farsældar.

Stungið upp á, af A. E. Kristjánssyni, að þakklætisyfirlýsing sú, er Pétur Bjarnason hafði gjört, sé sett í fundargjörðina, og að gestirnir standi upp í viðurkennningar skyni. Tillagan var studd og samþykkt.

Uppástungu gjörði Séra Rögnv Pétursson og Th. Thorvaldsen studdi, að þriggja manna nefnd sé kosin til að gefa blöðunum fréttir af þinginu. Samþykkt.

Þessir voru kosnir í hefndina: A. J. Johnson, E. Árnason og skrifari.

Fundargj. frá þessum fundi lesin upp og samþykkt.

Uppást. frá Fr. Swanson og E. S. Jónasson, að þessu þingi sé nú slitið, var samþykkt.


Fór þá fram þingslita-athöfn: Guðm. Árnason las part af 90. sálmi Davíðs, og þá var sunginn sálmurinn Nr. 292.

Að kveldinu, kl. 8, hélt söfnuðurinn kyrkjuþings-gestum samsæti. Auk þess var ýnisum vinum safnaðarins og Unitara-hreyfingarinnar boðið. Forseti safnaðarins, J. B. Skaptason, stýrði ræðuhöldum. Auk fleiri tölusú þessir: S. B. Brynjólfss. J. P. Sólmundsson, P. Bjarnason, B. B. Olson, S. Thorson, Paul Reykdal, A. E. Kristjánsson, Sigurj. Jónsson, G. Árnason og Fr. Swanson.

Gísli Jónsson skemti gestunum með söng.

S. B. Brynjólfsson,
Forseti

Th. Thorvaldsson,
Skrifari




MEÐ PESSION BLAÐI byrjar fimmri árgangur Heimis, og finnum vér, í tilefni af því, ástæðu til að þakka öllum styrktarmönnum blaðsins góða liðveizlu á síðast liðnum fjórum árum. Blaðið hefir verið að ýmsu leyti vanbúnara, en oss þykir æskilegast. En engu að síður hefir það átt býsna miklum vinsældum að fagna, sem sést af því m. a. að nál. engar uppsagnir hafa borist oss á þessum 4 árum, en fjölda margir bæzt. Vér lofum að bæta oss heldur en hitt, og vonumst eftir fylgi yðar og skilvísri borgun í framtíðinni. Þeir sem ekki hafa borgað eldri árg. eru vinsaml. beðnir að gjöra það sem fyrst. Útg.

Trúfrelsi

Ræða flutt í Uníðara kyrkjunní í Winnipeg. á 4. kyrkjupíngi Uníðara, Sunnud. 16. Júní. 1908.
af guðfræðisnemanda

ALBERT KRISTJÁNSSYNI, frá GIMLI.



TEXTI: — „Hér stend eg, Guð hjálpi mér,—
eg get ekki annað!“ — [LÚTHER.]



VORT ÞESSI ORÐ eru rétt höfð eftir Lúther eða ekki, gjörir minnst til. Hitt er meira umvert, að þau gefa manni rétta hugmynd um anda og karaktér mannsins sem þau eru tileinkuð. Og það er ekki einungis að þau sé í algjörðu samræmi við önnur orð og athafnir Lúthers og í hans anda, heldur eru þau lykillinn að því sálarlífí hvers sanns síðbótamanns, sem gjörir hann að síðbótamanni. Þegar þessi mikli „villutrúarmaður“ sinna tíma stóð fyrir málum sínum í Worms, —frammi fyrir rannsóknarrétti hinna réttatrúuðu, þá vissi hann aðeins það eitt algjörlega fyrir víst, að hann stóð þar og að hann gjörði það af því hann *gat ekki annað*. Lúther eftirlét komandi kynslóðum tvennskonar arf: kerfi af guðfræðiskenningum, sem var talsvert þróngt, og fult af kreddum og hjátrú, og sem var gjört ennþá þrengra og bundnara eftir hans dag, —og minningu djarfrar og dáðríkrar sálar, sem hvorki lét menn eða djöfla víkja sér út af þeirri leið sem samvizka hans sagði honum að hann ætti að ganga. Kenningakerfið hafa þeir tekið í sinn hlut, sem nú kalla sig Lútherska, en hetju- og drengskapar —andi Lúthers og síðabótarinnar hefir orðið hlutskifti hinna nýju mótmælenda. Þess vegna standa þeir nú, í raun og veru, í sporum hans, en hinir orþodoxu í sporum kaþólsku kyrkjunnar þá. Verslun með syndakvitanir, og önnur þesskonar háttsemi kaþólsku kyrkjunnar, ofbauð Lúther og öðrum forvígismönnum síðabótarinnar svo, að þeir voru neyddir til að mótmæla. Þeir *gátu ekki annað*. Hvers vegna? Vegna þess að samviska þeirra gaf þeim engan frið fyr en þeir ákváðu að verja lífi sínu og kröftum til að frelsa fólkis undan ánaðaroki kaþólskunnar. Vér segjumst eirnig veia að

verja lífi voru og kröftum til að frelsa fólk undan ánaudaroki kreddutrúar og klerkavalds, og vér letrum efst á fána vorn orðið „trúfrelsi“. En hvað þýðir trúfrelsi? Hvað meinum vér með því? Höfum vér öll gjört oss ljósa grein fyrir því? Af því eg er sannfærður um að vér getum ekki öll gefið hiklaust og fullnægjandi svar upp á þessar spurningar, áleit eg að hugleiðingar um þetta efni væru ekki úr vegi á þessum stað og tíma.

Hvað meinum vér þá með orðinu, frelsi? Eg held vér getum komið okkur saman um það, að frelsi eins einstaklings þýði það, að enginn annar einstaklingur eða utanað komandi öfl hindri hann frá því að framkvæma, hugsa eða tala það sem hann *will*. Allt frelsi er því bundið við það að vilja. Þar sem enginn vilji er, þar getur ekki verið um neitt frelsi að ráða. Vér tölum ekki um frelsi eða ófrelsi í sambandi við steinana eða trén eða skýin. Þessir hlutir eru hvorki frjálsir eða ófrjálsir, af því þeir hafa engann sjálfsmeðvitandi vilja; en viljinn er í sínu innsta eðli jákvæður. Þegar maður segist ekki vilja eitt-hvað, þá er það æfinlega aðeins óbein yfirlýsing um það að maður vilji eitthvað sem er því móttsett. Þegar segi, eg vil ekki deyja, þá þýðir það, beint fram sett, það, að eg vil lifa; eg vil ekki stela, þýðir það, að eg vil vera ráðvandur maður; eg vil ekki aðhyllast einhverja vissa lífsskoðun eða kenningu, þýðir það, að eg vil einhverja aðra móttsetta skoðun. Í þessu síðasta tilfelli hefi eg máske alls ekki gjört mér neina ljósa grein fyrir þeirri skoðun sem eg vil aðhyllast, en það að eg vil ekki hina skoðunina getur ekki komið af öðru en því að hún brýtur í bága við eitthvað, sem er í sjálfum mér jákvætt, í sálarlífí mínu, og ef eg er hugsandi maður og sækist eftir því frelsi, sem hefir einhverja þýðingu fyrir mig, þá hætti eg ekki að grafa og leita í fylgsnum minnar eigin sálar fyr en eg hefi fundið og séð það hnoss sem eg þrái, og sem eg er viljugur til að eyða að miðni í að keppa eftir, —hætti ekki fyr en eg veit hvað eg vil. Og þegar eg veit hvað eg vil, þá fyrst fær orðið frelsi einhverja virkilega þýðing fyrir mig. Þeir sem enga jákvæða skoðun hafa í trúarefnum eru ekki frjálstrúarmenn í neinum sönnum skilningi. En þeir sem þannig er ástatt fyrir hrópa einatt

hvellustum rómi um trúfrelsi. Þeir syngja frelsinu lof og dýrð, og þykir ekkert vera frelsi nema það neitu öllu því sem þeir heyra getið um að aðrir menn trúi, eða hafi fyrir satt. Þeir hafa enga jákvæða trúarskoðun þá er hún helzt einhver nógur grunnsyndur „materialismus“, sem ekki útheimtir neitt meiri heilabrot en þarf til þess að skrifa undir einhverja trúarjátninguna. Hringrás viðburðanna í hinni ytri, sýnilegu náttúru er hið eina sem þeir viðurkenna að til sé, —enginn höfundur, engin sjálfskynjandi stjórn, enginn tilgangur. Ef þeir væru sjálfbum sér samkvæmir þá væru þeir algjörðir bölsýnismenn, og heimspeki þeirra yrði nákvæmlega hin sama og heimspeki „prédikarans“, eins og hún kemur fram í þessum orðum: „Hvaða ábata hefir maðurinn á allri sinni fyrirhöfn, sem hann þjáir sig með undir sólunni? Einn aettleggur fer, annar kemur;... Sólin rennur upp og gengur til viðar;.... vindurinn gengur til suðurs, og hleypur í kring til norðurs, og til og frá;.... allar ár renna í sjóinn og þó verður hann aldrei fullur. Allir þessir hlutir eru þreytandi, aldrei verður það fullsagt. Augað mettast ei af að sjá og eyrað syllist aldrei af að heyra. Hvað sem við hefir borið, það mun aftur bera við, svo að ekkert er nýtt undir sólunni..... Mesti hégómi! Allt er hégómi.“ En fæstir þessara manna eru sjálfbum sér samkvæmir, eða búa sér til nokkra ákveðna lífsskoðun. Það sem gengur að þeim er, að þeir gjöra sér ekki nógum mikið far um að rannsaka sitt eigið hugarfar, til að komast að niðurstöðu um hvað þeir vilja. Þeirra svokallaða trúfrelsi er ekkert annað en trúleysi og lífsskoðanaleysi. Ef vér Únítarar eignum eitthvað af þessum mönnum innan vors félagsskapar, þá standa þeir þar ekki eins og Lúther, af því að þeir geti ekki annað. Þeir geta annað, og gera líka annað hvenær sem þeim ræður svo við að horfa. Þeir eru alvöruleysis mennirnir, —hrösunar hellurnar í hverjum þeim trúflokk sem þeir, einhverra orsaka vegna, telja sig með í það og það skiftið. Frelsi eða ófrelsi í trúarefnum gjörir þeim í raun og veru ekkert til, því allt trúarlegt er jafn fánýtt í þeirra augum. Þeir af þeim, sem hafa gaman af að glamra með frelsi og rífa niður skoðanir annara manna, rata

stundum ían í Unítariskan félagsskap, og eru þar allost sjálfs-um sér og félagsskapnum til meira ógagns en gagns.

En, sem betur fer, eru þessir menn undantekningar. Flestir þeirra manna sem skipa trúfrelsis flokkinn gjöra það af því að þeir geta ekki annað. Sumum kann að virðast svo, sem þessi texta orð, um að, „geta ekki annað,” sé í mótsögn við hugmyndina sem orðið, frelsi, táknað. En gætum að. Það er ekki til neitt frelsi í algjörðum eða óákvæðnum skilningi. Trúfrelsi, þýðir frelsi einstaklingsins til þess að vera trúr því bezta í sinni eigin sál,— frelsi til þess að hlýða síðferðislögþálinu, eins og það er opinberað honum í gegn um rödd hans eigin samvizku. En þessi hlýðni við síðferðislögþálinu er ekki í raun réttri skerðing á frelsi. Hún þýðir það, að einstaklingurinn ekki aðeins *will* eitthvað ákvæðið, heldur einnig að hann vill það sem *gott* er; hann er því frjálsastur í andlegum efnunum þegar hann fær sem minnst hindraður að hlýða rödd sinnar eigin samvizku í því að mynda sér ákvæðnar skoðanir og kunngjöra þær öðrum mörnnum. Allir þeir menn, sem heimita trúfrelsi í þessum skilningi hafa einhverjar jákvæðar trúarskoðanir, og neitun annara skoðana er ekki hjá þeim fyrsta atriði. Sú neitun kemur aðeins til þegar einhver fölk og ćsönn kennung stendur í vegi fyrir annari sannari og betri, er verður þá að sjálfsögðu að víkja.

Þessu virðast sumir ekki átta sig nögu vel á. Hvers vegna t. d. neita eg útskúfunar kenninguunni? Eg gjöri það af því að hún er í ósamræmi við rödd sem eg heyri innst í sálu minni, og sem segir mér að Guð sé góður. Þetta er að minnsta kosti fyrsta og dýpstá ástæðan fyrir mótmælunum í þessu tilfelli. Þegar eg er svo búinn að mótmæla kenninguunni á þennan hátt, þá er ékkert líklegra en að eg fari að gera einhverja skynsamlega, rökfræðislega grein fyrir neitun minni. Þegar einhver segir mér að mannlegt eðli sé gjörspilt, og hafi ekki í sjálfu sér neina mögulegleika til umbóta, þá mótmæli eg, af því þessi kennung brýtur í bága við jákvæða skoðun eða trú, sem eg hefi á þessu atriði. Eg get þess vegna ekki annað en mótmælt. Ef samvizka þín neyðir þig ekki til að andmæla einhverri skoð-

un, sem skynsemi þín kann að draga á efa að sé sönn, þá er spursmál hvort það er vert fyrir þig að vera að andmæla henni. Það er ofmikið af því trúfrelsi meðal vor Vestur-Íslendinga, sem er aðeins í því fólgíð að afneita annara skoðunum, án þess að gjöra sér far um að byggja upp nokkia skoðun fyrir sjálfan sig. Slíkur hugsunarháttur er engin undirstaða til að byggja manndáð eða karaktér ofaná. Sá maður sem vill byggja sjálfan sig upp, siðferðislega, verður að leitast við að leysa úr ráðgátum og leyndardómum síns einstaklings lífs, og hann getur það ekki án þess að komast út í hina stærri leyndardóma tilverunnar í heild sinni, og gjöra sér einhverja grein fyrir þeim. Og ekki einasta eru einhverjar jákvæðar skoðanir á tilverunni og tilgangi hennar nauðsynlegar fyrir uppbyggingu á siðferði mannsins, heldur einnig finnur hver maður þörf á slíkuun skoðunum til að geta sætt sig við lífið og fundið frið sálu sinni. „Eins og hjörturinn kallar eftir rennandi vatni, eins kallar mínsál, Guð! til þín; mína sál þyrstir eftir Guði; eftir þeim lifanda Guði.“ Engin hugsandi sál *sættir* sig við þá útskýringu á tilverunni að alt sé hégómi. Hana þyrstir eftir lifanda Guði,— eftir þeirri útskýringu á tilverunni er veiti henni tryggingu fyrir því að hennar einstaklings tilvera hafi einhvern ákveðinn tilgang, og að hennar dýpstu og göfugstu þrár fái uppfyllingu að svo miklu leyti sem hún er trú þeim tilgangi. Ef allt er hégómi, þá er líka siðferðislögmálið hégómi. Það gjörir þá ekkert til hvernig einstaklingarnir breyta hvor gagnvart öðrum; ekkert til hvað maður hugsar eða hverju maður trúir; ekkert til hvort lifir eða deyr.— Nei, það er þá því betra að deyja, því eitt af hinum dýpstu einkennum mannlegrar sálar er krafan sem hún gjörir til þess að hún skuli hafa einhverja þýðingu,— einhvern tilgang. Lífið er þannig orðið sjálfu sér ósamkvæmt og undir þeim kringumstæðum getur ekki hugsandi maður lifað. En ef nú aftur á móti tilveran er *ekki* hégónii, heldur þvert á móti verk eins höfundar, afraksturinn af framkvæmdum eins algóða vilja; ef vér erum börn hins lifanda Guðs, og ef tilgangur einstaklingstilveru vorrar er þroskun áfram og uppávið að eilífu; ef siðferðislögmálið er lögmál hins lifanda algóða guðs, í sálum

vorum, svo að þroskun einstaklingssálarinnar áfram og up pávið þýði æ meira og meira samræmi og einingu milli einstaklinganna; æ skýrari og fullkomnari trú á því að við séum öll bræður og systur, börn hins eina eilífa föður; þá er hinum dýpstu kröfum mannglegrar sálar fullnægt; þá er líf einstaklings- eins ósegjanlega mikils virði; þá er fyrstur grundvöllur fenginn fyrir karaktér byggingu; þá er traust á lífinu og tilverunni, og kærleikanum til guðs og manna, meira en orðin tém; þá er það meira en heimska ein að berjast við að vera góður maður, að leggja líf sitt og krafta í sölurnar fyrir hið góða og sagra og sanna, því með svona skoðun á tilverunni lifir einstaklingurinn engu sönnu lífi nema hann lífi því til sigurs hinu góða. Af þessu má sjá að það er hin háskalegasta fjarstæða að halda því fram, að það gjöri ekkert til hverju maður trúi, eða hvort hann trúi nokkru eða engu.

En um leið og það er árīandi að hver maður hafi einhverja jákvæða skoðun á lífinu og tilverunni, er það einnig árīandi að hann hafi fyrir eigin rannsókn komist að þeirri skoðun. Annars er hætt við að skoðunin, eða trúin, verði hvorki í raun réttri hans eigin, né heldur að hún verði nokkur lifandi trú, sem beri ávoxt í framferði hans. Einstaklingurin verður að leggja sig fram til að skoða og rannsaka, og með fyrirhöfn og erfiðismunum, ef vera vill, að byggja sér upp lífsskoðun. Á þessa braut einstaklings sálarinnar, í leitinni eftir hinum lifandi Guði, má enginn annar einstaklingur, eða hópur einstaklinga, kasta neinum tálmunun. Það er brot móti trúfrælsi. Hinir háskalegustu þrepskildir sem lagðir hafa verið á leið sannleikseitandans eru trúarjátningarnar og kenningin um guðlegan innblástur, og þarfleidandi óskeikulleik bibliunnar. Þessir þrepskildir hafa valdið meiru af alvöruleysi í trúarefnum—meiru af algjörðu trúleysi— heldur en allir hinir svokölluðu „vantrúarmenn“ til samans hafa gjört. En nú kann sumum mönnum að vaxa í augum ervingleikarnir sem á því eru að semja sína eigin lífsskoðun. En gætum nú að. Ef þú ert rétttrúarmaður, þá ert þú bundinn við eina vissa bók, og í henni verður þú að finna allann sannleikann. Ekki einasta ert þú bundinn

við vissa bók, heldur einnig við vissa útskýringu á þeirri bók. Innan þessara þróngu takmarka verður þú svo að mynda þér þína trúarskoðun, — því það verður þú að gjöra eins þó þú sért orþodox, ef skoðunin á að verða *hín* skoðun. Ef þú ert frjáls-trúarmaður þá stendur öll reynsla og þekking allra þeirra, sem á undan þér hafa gengið eftir sannleiksleitunarbrautinni, þér opin sem brunnur til að ausa úr, og vitar er vísa þér leið. Búddah, Zoroaster, Socrates, Jesús, Páll, Seneca, Savonarola, Huss, Zwingli, Lúther, Channing, Paíker,— allir þessir og ótal fleiri standa þér við hönd, og veita þér af forða þeim, sem þeir hafa með þrautum og tárum samansafnað. Við fatur þeirra getur þú setið og lært af þeim. Það er engar öfgar að segja, að englar beri þig á höndum sér í leit þinni eftir Guði og sannleikanum. Í ljósi þinnar eigin lífsreynslu og þekkingar velur þú svo og endurskoðar það sem fortíðin hefir að gefa þér. Prestarnir og kennimennirnir (ef þeir eru það sem þeir eiga að vera) eru þjónar þínir og leiðsögumenn, en ekki herrar þínir og yfirboðrarar eins og oft er í orþodoxu kyrkjunum, ætisð reiðubúnir til að miðla þér af sinni eigin reynzlu og þekkingu; reiðubúnir til að gjöra þín vandræði að sínum vandræðum og reyna að greiða úr þeim fyrir þig eftir mætti. Þeir eru þér (að svo miklu leyti sem þeir geta) allt sem andans menn fortíðarinnar eru þér, og það meira sem lifandi menn með holdi og blóði geta verið þér. Undir hvorum kringumstæðunum er nú hægra að mynda sér lífsskoðun?

Petta bendir á nokkur af þeim hlunnindum sem trúfrelsið veitir mönnum. Vér, sem teljum oss frjálstrúarfólk, megum ekki gleyma því að þetta frélsi hefir kostað erfiði, tár, ofskónir og stundum líf sannleiks- og frelsis-vinanna, sem hafa afrekað það og veitt oss það sem arf. Vér megum ekki taka við þessum arfi með léttuð og alvöruleysi, heldur verðum vér að finna alvarlega til þess að með arfinum tökum vér oss á herðar heilaga skyldu til þess að vernda þennan arf og afhenda hann komandi kynslóðum. Og ekki einungis eigm vér að vernda hann, heldur eigm vér að hagnýta oss sjálfum hann, en láta hann ekki vera sem pundið er í jörðu var grafið. Ekkert alvöruleysi,

ekkert lífsskoðanaleysi er afsakanlegt í hópi þeirra manna, sem krefjast hlutdeildar í þessum arfi. Þeir einir eru færir um að geyma arfinn og ávaxta hann — og þeir einir ættu því að vera í hópi Unitara — sem geta í einlægni sagt með Lúther: „Hér stend eg, Guð hjálpi mér, eg get ekki annað.“

Hverjir ættu þá hinir sýnilegu ávextir trúfrælisins að vera? Fyrst af öllu umburðarlyndi gagnvart þeim sem aðrar skoðanir hafa. Sá maður sem neitar öðrum um það frelsi sem hann heimtar fyrir sjálfan sig er ekki frjáls í neinum sönum skilningi. Maður ætti aldrei að ráðast á annara manna skoðanir nema þegar maður þarf þess, til þess að vernda þær skoðanir, sem maður álstur vera sannar og góðar; og þá ætti maður helzt aldrrei að gleyma að gjöra það með hógyærð og sanngirni. Annar ávöxtur trúfrælisins ætti að vera, eins og eg hefi þegar bent á, sannari og virkilegri trú eða lífsskoðan. Af þeirri lífsskoðan ætti svo að vaxa upp kærleikinn til guðs og manna, sem innibindur í sér allar mannlegar dygdir. Ef ekkert af þessum ávöxtum sést, er ástæða til að efast um annaðhvort: sannleiksgildi skoðananna sjálfra, eða einlægni þeirra sem segjast aðhyllast þær.

Frækorninu er sáð í moldina; regnið vætir það: ylgeislar sólarinnar verma það; plantan gegist upp úr moldinni; myndar rætur, legg, blöð, blóm; vex og dafnar dag frá degi,— og öll þessi starfsemi miðar til þess að ávöxturinn geti komið. Ef ciuhverra hluta vegna plantan ekki ber ávöxt, þá er öll þessi starfsemi til einskis. Eins er því varið með starfsemi voru sem trúurflokkus. Ef vér eru ekki betri menn og konur; ef kærleiki vor til meðbræðra vorra og systra er ekki glæddur; ef mannfélagið sem vér lifum í er ekkert bættara — með öðrum orðum, ef guðsríki meðal mannanna er ekki eflt og útbreitt sem afleiðing af starfi voru, þá er það til einskis. Höfum þetta ætið hugfast, og látum alla vora starfsemi miða til þess að ávöxturinn megi verða sem mestur og fagrastur. Látum ávöxtinn af trú vorri og starfi sjást í mannfélaginu, í því að bæta kjör þeirra, sem ekki fá notið sín og lífs síns eins og faðirinn hefr til ætlast; í því að meira réttlæti, meiri friður, meira bróðurþel eigi sér stað en nú er. Og látum ávöxtinn sjást í voru eigin einstaklings lífi, í stöð-

ugri viðleitni, gegnum stríð, tár, og sjálfsafneitun (ef þörf gjör-ist) til að verða æ fullkomnari og betri-menn; í því að bæta vorn eigin vilja þar til vér viljum aðeins það sem gott er, það er að segja, þar til vér hlyðum hiklaust rödd samvirkunnar í einu og öllu. Þá fyrst erum vér sanfrjálsir menn og konur, er vilji vor er orðinn svo góður að vér getum hiklaust sagt: „Ekki minn vilji, ó Guð! heldur þinn vilji-verði.“



FRAMFÖR VOR til fullkomnunar verður að vera stig af stigi, hún gétur ekki verið hvíldarklaust flug. Vér höfum altaf eftir einhverju að keppa, og fjarlægðin á milli þess sem vér erum og þess sem vér ættum að vera, milli þess sem vér óskum og þess sem vér náum er svo tilfinninganlega mikil. Yfir þessa fjarlægð getum vér komist aðeins með stöðugri, hlífðarlausri áreynzlu, sem með tímanum verður að þolgóðri atorku. Vér getum ekki umflúið þessa kröfu til hinna hálf viljalausu krafta vorra, og þess vegna verðum vér að vera reiðubúnir ýmist til að knýja kraftana áfram eða til að safna nýju hugrekki þegar vér ætum að láta hugfallast.

J. MARTINEAU.



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.